

92. Sambandsþing UMSB 8. mars 2014, Félagsheimilinu Brautartungu

Fundarsetning

Sigurður sambandsstjóri setur fund og stingur upp á Pálma Ingólfssyni og Guðmundi Sigurðssyni sem þingforsetum og er það samþykkt með lófataki. Sólrún Halla og Hrönn kjörnar þingritarar. Pálma falin stjórn fundar.

Kosning þingforseta

Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar og reikninga.

Sigurður fer yfir starf sambandsins á liðnu ári. Íþróttamaður ársins: Bjarki Pétursson. Nefnir stefnumótun, unglíngalandsmót, göngunefnd, heilsuvika ofl. nýjan framkvæmdastjóra, nýja heimasíðu, stefnu UMSB.

Farið yfir reikninga UMSB og helstu tölur í þeim.

Kjör kjörbréfanefndar

Pálmi stingur uppá Agnesi sem formann kjörbréfanefndar, Sólrúnu Höllu og Inga Tryggvasyni í kjörbréfanefnd.

Inntaka nýrra aðildafélaga

Ávörp gesta

Ingi Þór Ágústsson, framkvæmdanefnd ÍSÍ ávarpar þingið. Lýsir ánægju með samning sem UMSB náði við Borgarbyggð og talaði um að fyrirmynd þessa samnings hafi komið frá Vestfjörðum. Nefnir Smáþjóðaleika á Íslandi árið 2015 og að starf ÍSÍ snúist nú að miklu leyti um þá leika og undirbúning þeirra. Starf ÍSÍ að miklu leyti rekið af ríkinu en er stefna hreyfingarinnar sú að efla afreksmannasjóð sambandsins og efla tækifæri íþróttamanna á Íslandi auk þess að auka rétt þeirra. Fer yfir almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ og hrósar UMSB fyrir afar öflugt starf.

Kristinn Óskar Grétuson stjórnarmaður UMFÍ: skilar kveðju stjórnar UMFÍ og kynnir verkefni og starfsemi UMFÍ. Kynnir sérstaklega vel heppnuð verkefni UMFÍ, þ.á.m. Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugum og hvetur til kynningar á verkefninu. Frjálsíþróttaskóli UMFÍ hefur vakið mikla ánægju og Evrópa ungfólksins einnig. Kristinn vekur athygli á því að starf sjálfboðaliðans sé að hverfa og hvetur fólk til að leggja málefnum lið. Hvetur hann einnig forsvarsmenn íþróttahreyfingarinnar til að vera vakandi fyrir þeirri þráhyggju að þurfa alltaf að vera bestir og mögulegri vanlíðan meðfram því.

Álit kjörbréfanefndar

Fulltrúa vantar frá þremur félögum, samtals 6 fulltrúa. Nafnakall fer fram og standa fulltrúar upp við nafnakall. Þingfulltrúar voru sem hér segir:

Ungmennafélagið Íslendingur: Aðalheiður Kristjánsdóttir, Sólrún Halla Bjarnadóttir og Guðmundur Sigurðsson.

Ungmennafélagið Skallagrímur: Helga J. Svavarsdóttir, Sindri Gíslason, Ingi Tryggvason, Ólgeir Helgi Ragnarsson, Bjarni Guðmundsson, Magnús Óskar Þórðarson, Kristinn Óskar Sigmundsson, Guðbjörg Sigurðardóttir, Guðbjörg Sigurðardóttir, Arnór Tumi Finnsson, Ívar Örn Reynisson, Hilmar Arason og Pálmi Blængsson

Ungmennafélag Reykdæla: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Krístrún Snorradóttir og Ragnhildur Ólafsdóttir.

Skotfélag Vesturlands: Þórður Sigurðsson

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar: Hrönn Jónsdóttir

Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi: Gísli Friðjónsson

Ungmennafélagið Dagrenning: Þorvaldur Ingi Árnason

Ungmennafélag Stafholtstungna: Agnes Guðmundsdóttir og Ásgeir Ásgeirsson

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar: Þórdís Þórisdóttir

Dansíþróttafélag Borgarfjarðar: Guðrún Þórðardóttir

Golfklúbburinn Glanni: Snorri Þórðarson

Golfklúbbur Borgarness: Ingi Árnason en annan fulltrúa vantar.

Hestamannafélagið Skuggi: Stefán Logi Haraldsson, Arnar Már Gíslason en þriðja fulltrúa vantar.

Hestamannafélagið Faxi: Kolbeinn Magnússon, Gíslína Jensdóttir en þriðja fulltrúa vantar

Engin fulltrúi mættir frá Golfklúbbsi Húsafells eða Golfklúbbum Skriflu.

Umræður og atkvæði um skýrslu stjórnar og reikninga

Reikningar samþykktir samhljóða án athugasemda eða umræða.

Kosning starfsnefnda þingsins

Laganefnd:

Ívar Örn Reynisson formaður

Guðrún Þórðardóttir og Snorri Þórðarson

Fjárhagsnefnd:

Stefán Logi Haraldsson formaður

Ragnhildur Ólafsdóttir, Ingvi Árnason, Kristinn Sigmundsson, Ingi Tryggvason og Bjarni Guðmundsson

Íþróttanefnd:

Aðalheiður Kristjánsdóttir formaður

Pórður Sigurðsson, Gísli Friðjónsson, Hrönn Jónsdóttir, Helga J. Svavarsdóttir, Sindri Gíslason, Magnús Óskar Þórðarson, Agnes Guðmundsdóttir

Allsherjarnefnd:

Kolbeinn Magnússon formaður

Kristrún Snorradóttir, Þorvaldur Ingi Árnason, Arnar Gíslason, Olgeir Helgi Ragnarsson og Ásgeir Ásgeirsson

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar þmt árgjald félaga og fjárhagsáætlun ásamt öðrum tillögum.

Samningur við KPMG undirritaður. Konráð Konráðson f.h. KPMG heimsækir þingið og gengur frá samning um utanumhald á bókahaldi sambandsins. Sigurður Guðmundsson segir frá aðdraganda samningsins og Konráð segir frá þeim samningi sem KPMG býður sambandinu. Samningurinn undirritaður af Sigurði og Konráði við lófatak fundarmanna.

Allsherjarnefnd

5. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir að Ungmennasambandið sækir um að halda Landsmót UMFÍ 2017 og athugi með samstarf til þess hjá héraðssamböndunum í nágrenni við okkur **og sveitarfélögum.**
Tillagan samþykkt samhljóða
6. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 þakkar styrktaraðilum fyrir veittan stuðning á liðnu ári.
Tillaga samþykkt samhljóða
7. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir að þakka Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári. **Tillaga samþykkt samhljóða**
8. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir að halda áfram samstarfi við Borgarbyggð samkv. samstarfssamningi UMSB og Borgarbyggðar frá apríl 2013. **Tillaga samþykkt samhljóða**

9. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir stefnu og framtíðarsýn UMSB eins og hún kemur fram í þingskjali 4. **Tillaga samþykkt samhljóða**

12. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir að **stjórn UMSB** stofni nefnd vegna undirbúnings stofnunar afreksmannasjóðs samkv. samningi við Borgarbyggð frá apríl 2013. **Tillaga samþykkt samhljóða**

Tillögur frá Allsherjarnefnd

92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 leggur til að UMSB gangi til viðræðna við sveitarfélög aðildarfélaga UMSB utan Borgarbyggðar um samstarfssamning. **Tillaga samþykkt samhljóða**

92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 leggur til að stjórn UMSB geri grein fyrir framgangi samþykktra tillagna frá síðasta sambandsþingi. **Tillaga samþykkt samhljóða**

Íþróttanefnd

10. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. Mars 2014 samþykkir stefnu og framtíðarsýn UMSB eins og hún kemur fram í þingskjali 4.

13. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. Mars 2014 samþykkir að 2. gr reglugerðar um kjör íþróttamanns ársins verði svohljóðandi:

Í fyrrihluta janúar ár hvert skal kjósa íþróttamann Borgarfjarðar. Kjörgengi hafa allir íþróttamenn sem náð hafa 14 ára aldri og hafa stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili í **sveitarfélagi sem er aðili að samstarfssamningi UMSB og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB um kjör íþróttamanns ársins** á því ári sem kjörið nær til. **Tillagan samþykkt með þorra atkvæða gegn 1**

Greinagerð: Hvatning til UMSB um að klára samstarfssamninga við Skorradalshrepp og Hvalfjarðasveit. Náist samningar ekki gerum við kröfu um að UMSB kjósi íþróttamann ársins með sínum aðildafélögum en taki ekki þátt í kosningu sem mismunar íbúum á starfssvæði UMSB.

14. **Breytingatillaga:** 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. Mars 2014 samþykkir að 3. gr reglugerðar um kjör íþróttamanns ársins verði svohljóðandi:

Hverju aðildarfélagi og hverri íþróttadeild er skylt fyrir 2. janúar ár hvert að tilnefna 1 einstakling eða þar. Tilnefningar og greinargerð á þar til gerðum eyðublöðum um árangur á árinu skal senda til þjónustumiðstöðvar UMSB. Stjórn UMSB og sveitastjórnir geta hver um sig ákveðið að tilnefna allt að 3 einstaklinga til viðbótar við þá er aðildafélög og deildir tilnefna bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingum frá almenningi. Auglýst skal sérstaklega eftir tilnefningum almennings. Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar rafrænt með kjörseðlum til þeirra er atkvæðisrétt hafa.

Tillagan samþykkt samhljóða

Greinargerð: Að þeir sem tilnefndir af almenningi eru hluti af þriggja manna tilnefningu stjórnar UMSB og ekki sé tekið fram að viðkomandi hafi verið tilnefndur af almenningi.

15. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. Mars 2014 samþykkir að 8. gr reglugerðar um kjör íþróttamanns ársins verði svohljóðandi:

Við sama tækifæri og kjöri Íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal veita öllu íþróttafólki, innan aðildarfélaga UMSB eða íþróttafólki með lögheimili í **sveitarfélagi sem er aðili að samstarfssamningi UMSB og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB um kjör íþróttamanns ársins**, sem valið hefur verið í landslið **á árinu** viðurkenningu.

Tillagan samþykkt samhljóða

Íþróttanefnd lýsir stuðningi við að UMSB sækir um að halda Landsmóti UMFÍ árið 2017 og leiti eftir samstarfi við nágrannasambönd okkar.

Laganefnd:

1. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir tillögu laganefndar að nýjum uppfærðum lögum UMSB.

I. Kafli: Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvíttri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpenna og laxi.

3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálstarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSí. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSí.

6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagaskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSí.

7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.

Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

II. Kafli: Um aðildarfélög

8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfelld má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrir mælum UMFÍ og ÍSí. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

III. Kafli: Um sambandsþing

11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukapings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félagi við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagi þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félagi.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning

Kosning þingforseta og ritara

Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar og reikningar

Álit kjörbréfanefndar

Kosning starfsnefnda þingsins

Inntaka nýrra aðildafélaga

Umræður um skýrslu stjórnar

Ávörp gesta

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félagi

Þinghlé – nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Kosning stjórnar

Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Önnur mál

Þinggerð - þingslit

IV. Kafli: Um stjórn

14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarféлага sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarféлага og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar féлага en nefndarmenn aðeins ef um sér málefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

17. grein

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

V. Kafli: Önnur ákvæði

18. grein

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa á lögmætu sambandsþingi.

19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjármálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþróttá- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt

samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

20. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.

Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB

1. Forsendur skiptingar á milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

2. Skipting Lottótekna

- a) 5 % í Afreksmannasjóð UMSB
- b) 45 % til UMSB
- c) 50 % til aðildarfélaga UMSB

3. Skipting lottótekna skv. c-lið 1. greinar milli aðildarfélaga og deilda

- a) 10 % jafnt á milli allra aðildarfélaga
- b) 10 % eftir fjölda mættra fulltrúa á þing UMSB
- c) 80 % eftir fjölda félaga.

4. Skerðingar

Sendi félag ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðir það úthlutunarfé þess félags um 25 % við næstu úthlutun en hefur ekki áhrif á úthlutanir eftir það. Skerðingar samkvæmt þessari grein renna til UMSB.

5. Úthlutun lottótekna

Tveir úthlutunardagar eru á hverju ári, 1. ágúst og 1. febrúar. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun en UMSB skal þó halda þeim vöxtum sem safnast hafa á lottófé milli úthlutunardaga.

Tillaga samþykkt samhljóða

- 2. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir tillögu laganefndar að nýrri reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB. Sbr. lög hér fyrir ofan

Tillaga samþykkt samhljóða

3. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir að allar núverandi reglugerðir UMSB falli úr gildi nema eftirtaldar reglugerðir sem lagt er til að gildi áfram:

- Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB.
- Reglugerð um afreksmannasjóð UMSB.
- Reglugerð um verðlaunaafhendingar UMSB.
- Reglugerð um íþróttamann Borgarfjarðar.

Greinargerð: Samkvæmt upplýsingum laganefndar eru fjölmargar reglugerðir í gildi og snúa flestar að ýmsum mótum í frjálsum íþróttum og sundi. Er lagt til að þær verði allar felldar úr gildi enda fyrirkomulag keppnishalds í þessum greinum mikið breytt frá því þær voru settar. Fremur verði horft til þess að móta keppnishald í samstarfi við þau félög sem halda úti starfi á sambandssvæðinu.

Tillaga samþykkt samhljóða

Nefndin vill árétta að í gildi er reglur um verðlaunaafhendingar. Skorar hún á stjórn UMSB og aðildarfélög sambandsins að fylgja henni í hvívetna.

Fjárhagsnefnd:

4. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 . *Fjárhagsáætlun fyrir 2015 lögð fram til leiðbeiningar, sbr. þingskjal 3.*

Rekstraráætlun 2014

Tekjur	Samtals	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Félagaskattur	1.462.500								1.462.500				
Lottó UMFÍ	3.674.068	268.758	321.017	271.247	314.200	261.687	272.267	260.147	303.115	248.846	323.593	355.243	473.948
Lottó ÍSÍ	2.277.284	167.305	202.913	168.349	196.350	162.990	165.170	162.971	189.584	154.030	202.684	216.454	288.484
Útbreiðslustyrkur	350.000											350.000	
Greiðslur frá Borgarbyggð													
Styrkur vegna fasteignagjalda	134.492							134.492					
Þjónustustyrkur	4.947.993	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333
Starfsstyrkur	4.123.328					4.123.328							
Kjör íþróttamanns Borgarfjarðar	257.708	257.708											
Afreksmannasjóður frá Borgarbyggð	309.250		309.250										
Heilsuvika	257.708									257.708			
Umsjón íþróttavalla	4.500.000			2.000.000			2.500.000						
Aðrar tekjur	240.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000
Samtals tekjur	22.534.330	1.126.104	1.265.512	2.871.929	942.883	4.980.337	3.504.262	2.317.951	925.032	1.092.917	958.610	1.354.030	1.194.765
Greiðslur frá Borgarbyggð til UMSB	14.395.986	3.803.956				7.860.326			1.494.706			1.236.998	

Gjöld	Samtals	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Starfsstyrkir	4.123.328												
Lottó styrkir	2.426.744		1.040.617						1.386.127				
Kostnaður vegna íþróttavalla	4.500.000			2.000.000			2.500.000						
Afreksmannasjóður	540.883		93.020		309.250				138.613				
Húsnæðiskostnaður	600.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Tryggingar	40.000								40.000				
Skrifstofu kostnaður	480.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000
Launakostnaður	6.760.000	560.000	560.000	560.000	560.000	560.000	560.000	560.000	560.000	560.000	560.000	560.000	600.000
Aktur	750.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	100.000	100.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Vaxtakostnaður	12.000	3.000	3.000	3.000	3.000	3.000	0	0	0	0	0	0	0
Auglýsingar	150.000	30.000	0	30.000	0	0	0	0	0	20.000	20.000	0	50.000
Skuldabréf í Arionbanka	350.000				350.000								
Uppskeruhátið/íþr.maður ársins	150.000												150.000
Sérverkefni	500.000	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667
Annar kostnaður	600.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Samtals kostnaður	21.982.954	824.667	1.928.304	2.824.667	1.453.916	791.667	3.341.667	841.667	2.406.406	4.934.994	811.667	791.667	1.031.667
Hagn/tap	551.377	301.437	-662.792	47.262	-511.033	4.188.671	162.595	1.476.284	-1.481.374	-3.842.077	146.943	562.363	163.098

Forsendur vísitölu	
Grunnvísitala samnings	171,90
Vísitala 1 jan 2014 (des 2013)	177,20
Breyting	1,03

Forsendur Lottó skiptingar	
5% í afreksmannasjóð	
45% Til UMSB	
50% til aðildarfélaganna	

Rekstraráætlun 2015

Tekjur	Samtals	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Félagaskattur	1.462.500								1.462.500				
Lottó UMFÍ	3.674.068	268.758	321.017	271.247	314.200	261.687	272.267	260.147	303.115	248.846	323.593	355.243	473.948
Lottó ÍSÍ	2.277.284	167.305	202.913	168.349	196.350	162.990	165.170	162.971	189.584	154.030	202.684	216.454	288.484
Útbreiðslustyrkur	350.000												350.000
Þjónustustyrkur frá öðrum sveitarf.	1.500.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000
Greiðslur frá Borgarbyggð													
Þjónustustyrkur	5.109.948	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333	412.333
Starfsstyrkur	4.258.290					4.258.290							
Kjör íþróttamanns Borgarfjarðar	266.143	266.143											
Afreksmannasjóður frá Borgarbyggð	319.372		319.372										
Heilsuvika	266.143									266.143			
Umsjón íþróttavalla	6.000.000			2.000.000	1.500.000		2.500.000						
Samtals tekjur	25.483.747	1.239.539	1.380.634	2.976.929	2.547.883	5.220.299	3.474.770	2.422.951	1.030.032	1.206.352	1.063.610	1.459.030	1.299.765
Greiðslur frá Borgarbyggð til UMSB	16.057.941		3.822.513			9.495.288			1.503.141			1.236.998	

Gjöld	Samtals	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Starfsstýrkir	4.258.290									4.258.290			
Lottó stýrkir	2.975.676		1.589.550						1.386.127				
Kostnaður vegna íþróttavalla	6.000.000			2.000.000	1.500.000		2.500.000						
Afreksmannasjóður	616.939		158.955		319.372				138.613				
Tryggingar	20.000								20.000				
Skrifstofu kostnaður	480.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000
Launakostnaður	6.954.800	576.800	576.800	576.800	576.800	576.800	576.800	576.800	576.800	576.800	576.800	576.800	610.000
Akstur	750.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	100.000	100.000	100.000	50.000	50.000	50.000
Auglýsingar	150.000			30.000					30.000		20.000	20.000	50.000
Uppskeruhátíð/íþr.maður ársins	150.000												150.000
Sérverkefni	500.000	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667	41.667
V. þjónustu við viðbótarsveitarfél.	1.500.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000	125.000
Annar kostnaður	600.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Samtals kostnaður	24.955.705	883.467	2.631.971	2.913.467	2.702.838	883.467	3.433.467	963.467	2.478.206	5.161.756	903.467	883.467	1.116.667

Hagn/tap	528.042	356.072	-1.251.337	63.462	-154.956	4.336.833	41.303	1.459.484	-1.448.174	-3.955.405	160.143	575.563	183.098
----------	---------	---------	------------	--------	----------	-----------	--------	-----------	------------	------------	---------	---------	---------

Forsendur vísitölu	
Grunnvísitala samnings	171,90
Vísitala 1 jan 2015	183,00
Breyting	1,06

Forsendur Lottó skiptingar	
5% í afreksmannasjóð	
45% til UMSB	
50% til aðildarfélaganna	

3% Launahækkun samkv. kjarasamningum

Tillaga samþykkt samhljóða

Samþykkt:

10. 92. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Brautartungu 8. mars 2014 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr. á hvern skattskyldan félagi fyrir árið 2014.

Tillaga samþykkt samhljóða

Hilmar Már Arason segir frá umræðum innan nefndarinnar sem snéri aðallega að umhirðu valla ofl.

Þinglé í 15 mínútur.

Kosning stjórnar

Sigurður Guðmundsson gefur kost á sér í stöðu sambandsstjóra og er kjörinn með lófataki

Ásgeir Ásgeirsson Kjörinn til tveggja ára til viðbótar

Kristín Gunnarsdóttir Kjörin til tveggja ára til viðbótar

Þórdís Þórisdóttir gefur kost á sér í stöðu vara gjaldkera og er samþykkt

Jón Eiríkur Einarsson kjörinn varamaður varasambandsstjóra til tveggja ára í viðbót

Skoðunarmenn reikninga er kjörnir Eiríkur Ólafsson og Guðbrandur Brynjúlfsson. Einar Ole Pedersen til vara.

Frá fyrra ári sitja í stjórn:

Aðalsteinn Símonarson meðstjórnandi

Þórhildur María Kristinsdóttir, ritari

Kosning á Íþróttþing ÍSÍ – sambandsstjóri sjálfkjörinn

Önnur mál

Sigurður Guðmundsson skýrir frá því að stofnuð hafi verið nefnd til undirbúnings Unglingalandsmóts 2016. Pálmi Blængsson, Hrönn Jónsdóttir, Ásthildur Magnúsdóttir, Jökull Helgason og Björn Bjarki.

Guðmundur Sigurðsson þakkar stjórn UMSB fyrir góð störf síðustu tvö ár. Einnig hnykkir hann á því að mikilvægt sé að aðildarfélögin haldi vel utanum það íþróttastarf sem áður var á höndum UMSB.

Þinggerð - Þingslit

Pálmi þingforseti leggur til að þinggerð verði send til formanna aðildarféлага og síðan lögð til samþykktar á næsta formannafundi þar á eftir.

Pálma fannst þetta fínt þing þrátt fyrir að fáir kæmu í pontu.

Pálmi gefur Sigurði sambandsstjóra orðið til þess að slíta þingi

Sigurður sambandsstjóri þakkar gott þing og óskar þingfulltrúum góðrar heimferðar og sleit þingi kl. 16:10